



Það er stefna Gallon að vera áfengis- og vímuefnalaus vinnustaður og er forsenda þess að tryggja öryggi starfsmanna á vinnustaði.

Stefnan gildir á starfsstöð starfsmanna en jafnframt þegar starfsmenn koma fram fyrir hönd Gallon eða eru á vegum Gallon, s.s. í vinnuferðum eða á fundum.

Starfsmönnum ber að tryggja að þeir séu færir til að sýna af sér faglega hegðun öllum stundum og að hegðun þeirra sé ekki skert sökum neyslu áfengis eða annara vímuefna. Það felur m.a. í sér eftirfarandi:

- Varsla og notkun ólöglegra vímuefna er með öllu óheimil á öllum starfsstöðvum Gallon.
- Starfsmaður skal tryggja að við akstur á búnaði eða ökutækjum Gallon sé hæfni hans undir engum kringumstæðum skert vegna áfengis eða annara vímuefna.
- Starfsmönnum sem er ávísað lyfjum skulu spyrja viðkomandi lækni um mögulegar aukaverkanir. Ef starfsmenn taka lyf (lyfseðilsskyld eða ekki) sem geta haft áhrif á vinnufærni þeirra, skulu þeir framvísa vottorði frá lækni um hæfni til vinnu, ef þess er óskað.

Starfsmenn bera ábyrgð á sinni eigin heilsu og ber að upplýsa vinnuveitanda ef hann telur sig eiga í vandræðum með notkun áfengis og / eða annarra ólöglegra efna.

Brot á stefnu þessari kann að hafa í för með sér brottrekstur úr starfi og riftu á ráðningarsamningi án greiðslu launa á uppsagnarfresti. Þá ber starfsmanni sem gerist brotlegur að hafa í huga að brot á stefnu þessari kann jafnframt að fela í sér brot á lögum, sbr. IX kafla umferðarlaga nr. 77/2019 um bann við akstri undir áhrifum áfengis, ávana- og fíkniefna.

Gallon er heimilt að framkvæma reglubundin vímuefnapróf á starfsmönnum sínum. Framkvæmd vímuefnaprófa hjá félaginu er eins og hér segir:

- Starfsmaður sem boðaður er í vímuefnapróf skal upplýstur um að *fyrirvaralaust samþykki* hans þarf að liggja fyrir, svo heimilt sé að vímuefnaprófa starfsmanninn.
 - o Neiti starfsmaður að fara í vímuefnapróf getur það leitt til brottreksturs úr starfi.
- Vímuefnapróf er framkvæmt af heilbrigðisstarfsmanni eða öðrum fagaðila.
- Starfsmaður sem fer í vímuefnapróf undirritar samþykki þess að undirgangast prófið og að Gallon fái upplýsingar um hvort prófið hafi verið staðið / fallið. Niðurstöður prófsins eru varðveittar hjá þeim fagaðila sem framkvæmir prófið.



Gallon framfylgir fyllstu reglum og skilyrðum persónuverndarlaga nr. 90/2018 um vinnslu persónuupplýsinga við framkvæmd stefnu þessarar. Félagið hefur sett sér varðveislu- og eyðingarreglur og gætir meðalhófs við vinnslu persónuupplýsinga sem kunna að myndast eftir að vímuefnapróf er framkvæmt. Þá hefur félagið framkvæmt mat á áhrifum persónuverndar (MÁP) varðandi vinnsluna. Vísað er til persónuverndarstefnu félagsins.

Gallon kann að veita starfsmanni stuðning við áfengis- og vímuefnavanda og er það mat Gallon hverju sinni hvort slíkt sé gert. Starfsmaður sem brýtur í bága við lög, s.s. umferðarlög, er ekki boðinn slíkur stuðningur, heldur er honum tafarlaust vikið úr starfi. Félagið kann að styðja starfsmann í meðferð með því að greiða starfsmanni laun á meðan hann leitar sér grunnmeðferðar, að hámarki í eitt skipti (10 daga meðferð). Eftirmeðferð er á kostnað starfsmannsins.

Stefna þessi tekur þegar gildi.

Stefna þessi skal vera aðgengileg á vefsíðu Gallon og rýnd árlega.